

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1130 N-Lax ehf, Auðbrekku (IS-36103)	Auðbrekka 641 Húsavík	Jón Helgi Björnsson Framkvæmdarstjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	31.5.2021	2.6.2021	6,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 8 skoðunatriða af 16. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 3 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 2 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

#### Alvarlegt frávik

#### Frávik

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

#### Aðrar athugasemdir

Undirritaður fór í reglubundið eftirlit hjá N-Lax á Auðbrekku. Farið var yfir pappíra með ábyrgðarmanni og því næst gengið um stöðina.

Þrjú frávik komu fram við skoðunina, þar af eitt alvarlegt. Frávikin eru þau eftirfarandi:

#### Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

- Ekki voru til staðar teikningar af fiskeldisstöðinni.

#### Eldisbúnaður og fiskheldni

- Ristar vantaði á öll niðurföll.

#### Strok

- Ekki var til staðar búnaður til að veiða sloppinn fisk.

Úrbætur skulu framkvæmdar eins fljótt og auðið er og myndir sendar á skoðunarmann til staðfestingar. Athygli er vakin á að þegar um alvarlegt frávik er að ræða skulu úrbætur ljúka að hámarki innan 7 daga.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun."

## Starfsstöð

N-Lax ehf, Auðbrekku (IS-36103)  
Auðbrekka  
641 Húsavík  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 5510091220

## Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi

## Tengiliðir

Jón Helgi Björnsson

8933778

jonhelgib@outlook.com

Framkvæmdarstjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 02.06.2021

Alvarlegt frávik

Ristar vantar á niðurföll

Samkvæmt **19. gr í reglugerð nr. 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis .**

*Skulu öll ker, niðurföll og frárennsli vera útbúin með búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr fiskeldisstöð. Ef fiskur sleppur úr eldisstöð þarf búnaðurinn að vera þess eðlis að geta fangað fiskinn og komið í veg fyrir að hann komist lengra upp í vatnssvæði í kringum stöðina.*

Mynd 1



4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Sett inn: 02.06.2021

Frávik

Ekki voru til staðar teikningar af fiskeldisstöð.

Samkvæmt **12. gr í reglugerð nr. 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis.**

*Skulu teikningar af fiskeldisstöðinni vera til staðar sem sýnir yfirlit yfir fiskeldissvæðið. Eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli þurfa að koma fram á teikningum.*

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Sett inn: 02.06.2021

Frávik

Ekki var til staðar búnaður til að veiða sloppinn fisk.

**Samkvæmt Viðauka IV í reglugerð 540/2020.**

*Skulu allar fiskeldisstöðvar eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði til að veiða sloppinn fisk ef strok á sér stað.*

**Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi**

2.1.1 Rekstrarleyfi

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

6.1.1 Mat á úrbótum

---

Andri Snær Þorsteinsson  
andri.thorsteinsson@mast.is  
Sérfræðingur  
7790220

## Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókváeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.